

Efnisyfirlit

1. Útdráttur.....	2
2. Inngangur.....	2
3 flokkun og greining handritanna	2
3.1 Sölvi Helgason: misskilinn listamaður eða flakkari, þjófur og lygari?.....	2
3.2 Flokkun handritanna.....	5
3.3 Greining textans	8
3.3.a. Frásagnir Sölva:.....	9
3.3.b. Sögur og ljóð:.....	9
3.3.c. Trúmál, speki, fræði og vísindi:	11
3.3.d. Illa farin handritabrot:	11
4. Stafræn miðlun	12
4.a Miðlun stafrænna afrita og lýsigagna	14
4.b Hlaðvarp og skjávarp	16
4.c Samfélagsmiðlar	19
4.d Heimasíða	20
5. Þátttaka almennings	21
6. Samtvinnun miðla.....	22
7. Niðurstaða	24
Heimildarskrá	26

1. Útdráttur

Meginmarkmið nýsköpunarverkefnisins var annars vegar að rýna, mynda, skrá og flokka handrit Sölva Helgasonar sem legið hafa óskráð á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og hins vegar að koma með tillögur um miðlun á efni um Sölva og handritin. Verkefnið var í höndum Stefáns Ágústssonar íslenskufræðings og nema við Háskóla Íslands. Megináhersla var lögð á greiningu handritanna enda slík rannsókn grunnurinn að frekari vinnu. Með greiningunni var hægt að aldursgreina handritin nokkuð nákvæmlega ásamt því að varpa skýrari mynd af hugarheimi Sölva Helgasonar. Stefán skoðaði þær stafrænu miðlunarlausnir sem safnið er að nýta sér og kom með tillögur um hvernig mætti nýta sér þá miðla betur.

2. Inngangur

Sumarið 2020 fékk Héraðsskjalasafn Skagfirðinga í samvinnu við Rannsóknarsetur Háskólans á Ströndum styrk úr nýsköpunarsjóði til að vinna með og rannsaka handrit Sölva Helgasonar sem varðveitt eru á safninu. Verkefnið var í höndum Stefáns Ágústssonar íslenskufræðings og nema við Háskóla Íslands. Megináhersla var lögð á greiningu handritanna enda slík rannsókn grunnurinn að frekari vinnu. Auk þess skyldi möguleikar á miðlun handritanna skoðaðir, þ.e. hvernig best mætti ná til almennings og glæða þar með áhuga hans á handritum sem geymd er í skjalasöfnum landsins.

Handritin voru ljósmynduð og búið til stafrænt afrit af hverri skjali. Innihald skjalanna var greint og lýst og efnið sett í sögulegt samhengi (kafli 3).

Ákveðið var, vegna ástandsins í samfélaginu sökum COVID-19, að horfa fyrst og fremst á starfrænar lausnir varðandi miðlun á handritum Sölva. Til að byrja með voru skoðaðar áherslur stjórnvalda í stafrænni miðlun á menningararfinum og reynt að meta hvort héraðsskjalasafnið væri að uppfylla þær (kafli 4).

Skoðaðar voru þær stafrænu lausnir sem safnið er að nýta sér til miðlunar á efni safnsins (kafli 4.a til 4.d) og lagðar fram tillögur um hvernig mætti nýta sér þá miðla betur (kafli 5).

3 flokkun og greining handritanna

3.1 Sölvi Helgason: misskilinn listamaður eða flakkari, þjófur og lygari?

Sölvi Helgason er í hópi þekktari Skagfirðinga frá nítjándu öld. Á hans tíð var hann kunnastur fyrir flakk sitt og þau dómsmál sem af því hlaut. Árið 1843 var hann handtekinn í fyrsta sinn og dæmdur fyrir

flakk (Jón Óskar, 1984, bls. 7 – 27). Sölvi hafði meðferðis, á för sinni, reisupassa en hann hafði Sölvi sjálfur útbúið og vakti töluverða athygli ekki síst vegna þess hversu kostulega Sölva var lýst í honum en óhætt er að fullyrða að lofið sem þar má finna um Sölva sé nokkuð yfirdrifið. Spaugilegt er til þess að hugsa að með þessa lýsingu í farteskinu ferðast hann víða um land án þess að athugasemd hafi verið gerð við passann. Þessi kostulega lýsing vakti athygli á málinu og á sinn þátt í að gera Sölva að þekktum manni á Íslandi. Blöðin sáu að minnsta kosti ástæðu til að gera þessu máli nokkur skil. Tímaritið Ný félagsrit (1849, bls. 151-155) birti til að mynda reisupassann orðréttan á sínum síðum.

Nafn Sölva birtist reglulega á síðum blaðanna, á meðan hann lifði, og sjaldnast af góðu. Oftast var umfjöllunarefnið flakk hans og dómsmál. Sem dæmi má nefna umfjöllun Jóhanns Sölvasonar (1861, bls. 48-49) um flakk Sölva um Norðausturland en í henni er Sölva ekki borin vel sagan og meðal annars sakaður um þjófnað og lygar. Af því má ætla að Sölvi hafi verið nokkuð alræmdur og illa liðinn. Á hann hefur fyrst og fremst verið litið sem óþokka, lygara og þjóf sem flæktist um landið. Jón Jónsson (2018, bls. 206) hefur bent á að viðhorfið til Sölva virðist breytast nokkuð með tímanum eins og sjá má til dæmis af þeim sagnaþáttum þar sem Sölvi kemur við sögu. Þennan mun má vafalaust að einhverju leyti skýra af ólíkum heimildaflokkum en þó má ætla að viðhorf landsmanna til flökkufólks hafi breyst samhliða breytingum á samfélaginu. Í bændasamfélaginu hefur orðræðan jaðarsett þennan þjóðfélagshóp um leið og hún styrkti sjálfsmynd bændastéttarinnar en með aukinni þéttbýlismyndun eykst eftirspurn eftir vinnuafli sem leiðir til þess að aðstæður förufólks breyttust og um leið orðræðan. Þörfin fyrir jaðarsetningu hópsins þjónaði ekki lengur valdinu með sama hætti. Breytingar sem ná ef til vill hámarki í rómantískum viðhorfum á seinni hluta tuttugustu aldar til flakkara eins og Sölva sem höfðu listræna hæfileika. Margir finna til samkenndar með þeim og telja þá hafa verið misskilda og ofsótta af yfirvöldum (Jón Jónsson, 2018, bls. 36-41).

Á seinni hluta tuttugustu aldar hefur þetta rómantíska viðhorf verið einkennandi fyrir umræðuna og áhugasamir hafa velt upp sömu spurningu og Magnús Eiríksson (1977) gerði í frægum texta sínum um Sölva: „Var hann helgur maður eða latur flækingshundur“. Seinni tíma samkennd, tilkomin vegna breyttra viðhorfa, breyta ekki þeim staðreyndum að Sölvi var flækingur. Hann var fundinn sekur um lögbrot og hann virðist ekki hafa notið neinnar sérstakrar virðingar í lifanda lífi. Það má að minnsta kosti ráða af samtali hans við vinkonu sína Hallfríði á Skálá sem var einmitt dóttir Björns á Skálá sem var einn af þeim höfðingjum sem Sölva líkaði hvað verst við. En Hallfríði virðist hann treysta og eitt sinn er hann lá veikur í hennar umsjá spurði hann: „Segðu mér Hallfríður mín, þú ert svo greind og ekki vantar þig bersöglina: Hver af brestum mínum hefur farið verst með mig, að þínu álit?“ (Jón Óskar, 1984, bls. 241.). Ekki stóð á svarinu en Hallfríður taldi það vera bannsetta lygina. Sölvi tók svarinu ekki illa og taldi jafnvel líklegt að hún hefði rétt fyrir sér (Jón Óskar, 1984, bls. 242). Þarna átti Sölvi ekki

mörg ár eftir ólífuð og af samtali þeirra er ljóst að hann sjálfur telur sig ekki hafa átt velgengni að fagna og að hans eigin brestir hafi jafnvel staðið í vegi fyrir henni.

Af þessu má ráða að jafnvel Sölvi sjálfur telur sig ekki njóta virðingar fyrir lífshlaup sitt og því má telja nokkuð víst að seinni tíma upphafning sé ekki byggð á nýjum uppgötvunum um líf Sölva heldur sé hún endurskoðun á sögunni með viðhorfum nútímamannsins og því hægt að taka undir með Jóni Jónssyni (2018, bls. 215) sem telur líklegt að svar hvers og eins um það hvort hugmyndin um Sölva sem misstillinn listamaður sé raunsæ eða rómantísk segi meira um viðkomandi og hans samtíma en Sölva og nítjándu öldina. Eitt er það þó í ævi Sölva sem er einkar áhugavert og það eru samskipti hans við yfirvöld og viðhorf hans til þeirra. Þessi samskipti eru oft býsna róstarsöm en alls fjórum sinnum er Sölvi dæmdur fyrir flakk sitt og þriðji dómurinn er sérstaklega harkalegur en þá hlaut Sölvi þriggja ára dóm í fangelsi í Kaupmannahöfn. Í það skiptið var Sölvi jafnframt fundinn sekur um þjófnað þó aðeins hafi tekist að sanna á hann stuld á einni bók þegar allt kom til alls.

Dómsmál þessi eru ein ástæða þess að Sölvi hefur hlotið eins konar stöðu píslarvotts í hugum margra. Þetta viðhorf má glögglega sjá á umfjöllun Jóns Óskars (1984, bls. 115-119) um dómsmálið gegn Sölva árið 1854 en þá var hann dæmdur til þriggja ára tukhúsvistar í Kaupmannahöfn. Jón dregur í bók sinni hvergi dul á afstöðu sína sem er einkar hliðholl Sölva en Jón er ekki í nokkrum vafa um að yfirvöldum hafi stafað ógn af andlegum yfirburðum Spekingsins sem hafi leitt til harkalegrar meðferðar og þungs dóms.

Ljóst er að Jón studdist við ýmis konar heimildir meðal annars dómabækur en af þeim þykist hann geta ráðið einarða afstöðu Sölva sem neitaði öllum sakargiftum og hafi reynst yfirvöldunum erfiður, hreinlega gert lítið úr þeim með andlegu atgervi sínu. Jón Óskar (1984, bls. 95-96) bendir á að afstaða Sölva gagnvart yfirvaldinu virðist harðna með árunum. Í dómsskjölum frá málinu fræga með reisupassann má greina auðsveipni en þar gengst Sölvi við brotum sínum og ber við geðveiki. Í dómsmálunum hinum síðari er sá tónn horfinn veg allrar veraldar. Hann neitar staðfastlega öllum sakargiftum og er samkvæmt Jóni Óskari erfiður viðureignar eins og reynslan hafi kennt honum að hann þurfi á allri sinni kænsku að halda í viðureign sinni við valdið sem hann hafði lært að hata.

Það er vissulega rétt hjá Jóni Óskari að framganga dómsvaldsins virðist vera nokkuð harkaleg og fyrir því kunna að vera ýmsar skýringar. Ef til vill var Sölvi frakkari í framgöngu sinni og hunsaði óskráðar reglur sem aðrir flakkarar gerðu sér far um að fylgja til þess að fá að vera í friði. Ef til vill bakaði Sölvi sér óvinsældir öðrum fremur vegna sinna eigin bresta og mögulega er eitthvað til í því sem Jón Óskar segir og Sölvi hafi verið í meðvitaðri uppreisn gegn valdinu. Eins og áður segir styðst Jón Óskar að því er virðist fyrst og fremst við dómabækur málsins og dregur af þeim þá ályktun að Sölvi hafi verið í meðvitaðri uppreisn og að yfirvöld hafi verið í vandræðum með hann. Af umfjöllun Jóns Óskars er ekki

hægt að merkja að hann hafi leitað fanga í handrit Sölva varðandi þetta viðhorf en vegna framsetningar er erfitt að átta sig á með hvaða heimildir er unnið hverju sinni.¹

Hér hefur lauslega verið rakið hvernig Sölvi varð frægur á sinni tíð fyrir flakk sitt um landið og dómsmál sem af því hlutust. Önnur ástæða þess að Sölvi er enn í umræðunni tvö hundruð árum eftir fæðingu hans er arfleifðin sem hlýtur að teljast stórmerkileg burtséð frá öllu fagurfræðilegu gildi þeirra verka. Því það er nokkuð óvenjulegt að eiga jafn ríkulegar heimildir frá fyrstu hendi manns sem tilheyrir lægstu stigum þjóðfélagsins. Sölvi lét eftir sig töluvert safn mynd- og ritverka sem eru varðveitt á ýmsum stöðum. Nokkuð hefur verið fjallað um myndverk hans sem hafa skipað honum á stall með merkustu alþýðulistamönnum landsins (Aðalsteinn Ingólfsson, 1990, bls. 18).

Af ýmsum ástæðum hafa handrit Sölva ekki vakið eins mikla athygli fram að þessu. Þau handrit sem hér eru til umfjöllunar og varðveitt eru á Héraðsskjalasafni Skagafjarðar eru sérstaklega spennandi að skoða, ekki síst í samhengi við þá goðsögn sem Jón Óskar gefur í skyn um píslarvottinn sem átti í heilögu stríði við stjórnvöld. Þarna er áhugavert verkefni fyrir fræðimenn að skoða hvort og þá hvert viðhorf Sölva var nákvæmlega. Mögulega er hægt að komast að því hvort hann hafi verið á einhverri vegferð með afbrotum sínum eða hvort hann hafi aðeins verið venjulegur glæpamaður sem laug og stal hvert sem hann kom.

3.2 Flokkun handritanna

Ýmsar ástæður kunna að liggja að baki því að handrit Sölva hafa lítið verið rýnd í gegnum tíðina. Ein þeirra er vafalaust sú að rithönd Sölva er alls ekki auðveld í lestri. Hún er sérstaklega smá og í flestum tilvikum illlæsileg án stækkunarglers. Fáir hafa því lagt í það verkefni að greina handrit hans. Án nokkurs vafa hafa fáir ef nokkrir lagt viðlíka vinnu í greiningu á handritunum og Jón Óskar en hann ritaði heimildasöguna *Sölvi Helgason: Listamaður á hrakningi* árið 1984 og færði *Frakklandssögu eftir Sölva Helgason* á prent (Sölvi Helgason, 1985). Í fyrri bókinni birtast ýmis brot úr handritum Sölva en sú síðarnefnda er nákvæm endurritun eftir handriti Sölva. Í báðum þessum útgáfum kemur fram að verkefnið var alls ekki auðvelt:

Gripíð er niður í handritið, þar sem auðveldast er að lesa, en skrifin eru svo smá að stækkunarglerið fær miklu hlutverki að gegna og dugir þó ekki til á stundum (Jón Óskar, 1984, bls.245).

Þau handrit sem eru grundvöllur þessa verkefnis bárust Héraðsskjalasafni Skagafjarðar að gjöf í kringum árið 1986 en það var Magnús Halldór Gíslason (1918 – 2013) frá Frostastöðum í Blönduhlíð

¹ Jón Óskar styðst greinilega við ýmsar heimildir í riti sínu og vísar til þeirra í heimildaskrá. Hann hins vegar vísar ekki til þeirra með skýrum hætti í meginmáli.

sem afhenti safninu skjölin. Þau höfðu fundist upp á lofti í gamla íbúðarhúsinu á Frostastöðum. Skjölin hafa væntanlega borist til Frostastaða með Gísla Þorlákssyni og konu hans en þau bjuggu þar frá árinu 1888. Þangað fluttu þau frá Hjaltastöðum í sömu sveit en þar bjó einmitt Eggert Briem, um tíu ára skeið frá árinu 1862, á meðan hann gegndi embætti sýslumanns í Skagafirði en við því embætti tók hann árið 1861. Kristmundur Bjarnason, fyrrum héraðsskjalavörður Skagfirðinga, taldi líklegt að skjölin hafi verið rituð um 1850-1851 þegar Sölvi var í umsjón Eggerts sem þá var sýslumaður í Eyjafirði (Hjalti Pálsson 2020, bls.150-174).

Óskráðum safnkosti er eðli málsins samkvæmt erfitt að miðla með nokkrum hætti og því hafa þessi handrit að mestu legið óbætt hjá garði ef frá er talin vinna Hörpu Björnsdóttir sem vann að frumflokkun gagnanna en Harpa hefur unnið að ýmsum verkefnum tengdum Sölva og list hans. Í ár eru tvö hundruð ár liðin frá fæðingu Sölva Helgasonar og hafa starfsmenn safnsins unnið að undirbúningi afmælishátíðar um nokkurt skeið og þegar viðbótarúthlutun Nýsköpunarsjóðs námsmanna var auglýst þótti tilvalið að sækja um styrk til þess að flokka og skrá handritin auk þess að vinna að því að koma þeim á framfæri með stafrænum miðlum sem vonandi verður til þess að glæða áhuga á handritum Sölva og stuðlar vonandi að auknum rannsóknum á þeim en þrátt fyrir nokkra umfjöllun um Sölva á undanförunum áratugum hafa flest handrit hans lítt eða ekkert verið könnuð.

Öllum aðstandendum verkefnisins til mikillar ánægju bárust jákvæð svör frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og vinna hófst í lok júní. Stefán Ágústsson íslenskufraeðingur og nemandi við Háskóla Íslands var fenginn til að vinna að flokkun og greiningu á handritunum og í samvinnu við starfsmenn safnsins, og Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum, koma þeim á stafrænt form.

Fyrsti hluti verkefnisins var unninn á Sauðárkróki í húsakynnum héraðsskjalasafnsins. Sú vinna fólst fyrst og fremst í flokkun handritanna og ljósmyndun þeirra. Stefán handlék handritin og reyndi að komast yfir þá hindrun sem lestur á rithönd Sölva vissulega er og áttaði sig hægt og bítandi á efni handritanna og naut aðstoðar frá starfsmönnum safnsins og stuðnings af þeirri vinnu sem þegar hafði farið fram við flokkun handritanna.

Fyrst var handritunum skipt í tvo augljósa meginflokka, þ.e. handrit og myndverk Sölva Helgasonar og eru það fyrstu undirflokkar skjalanna. Sá síðar nefndi er reyndar ekki mjög stór en handrit Sölva eru mest áberandi í þessu safni. Því næst var handritunum skipt niður í flokka eftir efni þeirra jafnóðum og það varð greinandanum ljóst en flokkarnir eru eftirtaldir.

Frásagnir Sölva

Í þessum flokki eru ýmis konar frásagnir Sölva af sjálfum sér, samferðamönnum sínum og Guði almáttugum.

Sögur og ljóð

Í þessum flokki eru bæði ljóð og lausamálstextar sem eru ýmist eftir Sölva sjálfan eða uppskriftir hans af þekktum textum.

Trúmál, speki, fræði og vísindi


Hér ægir saman ýmsum fræðum Sölva. Hugleiðingum um trúmál og heilu verkin þeim tengdum. Textar sem líkjast einhvers konar kennsluefni í ólíkum greinum eins og stærðfræði og skrift.

Illla farin handritabrot


Í þessum flokki eru handrit sem eru svo illa farin að ómögulegt reyndist að greina hvað hér væri á ferðinni. En þetta er óverulegur hluti

Þegar búið var að fara í gegnum allar síður safnsins var hægt að hefja ljósmyndun og í kjölfarið hlaða myndunum upp á vefinn. Eins og fjallað er um síðar í þessari ritgerð notast Héraðsskjalasafnið við skráningarkerfið *Atom* til þess að halda utan um skjalasafn sitt á netinu en fjölmargar stofnanir um allan heim notast við kerfið. Þegar þessari flokkun var lokið var ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa við að greina handritin frekar. Þar sem allt efni þessa handritasafns var komið í skráningarkerfið gat vinna Stefáns við greininguna í rauninni farið fram hvar sem er og kaus hann að vinna frá starfstöð sinni í Reykjavík. Samskipti og samvinna við Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Rannsóknarsetrið á Ströndum fór fram á sama vettvangi, þ.e. netinu.

Annar megin kostur þess að efnið væri komið á netið var sá að þar má þysja inn á myndirnar sem gerir aflesturinn til muna aðgengilegri. Hér má sjá dæmi um hversu mikil munur er á myndunum í raunstærð og þegar þegar þær hafa verið stækkaðar upp:



Mynd 1 Raunstærð textans



Mynd 2 Textinn eftir að hann hefur verið stækkaður upp

3.3 Greining textans

Alls hafa verið vistaðar 434 myndir í kerfi safnsins og hverri þeirra má sjá eina eða tvær síður úr skjalasafni Sölva Helgasonar. Nú hefur verið lesið í gegnum allt safnið og reynt að greina eftir fremsta megni það sem þar má finna. Því skal haldið til haga að þrátt fyrir að stækka meggi upp myndirnar er greiningin ekki alltaf auðveld. Sumar síðurnar eru illa farnar og æði misjafnt er hversu skýr rithönd Sölva er. Auk þess er ekki alltaf auðvelt að greina samhengið í skrifum hans, sérstaklega í þeim tilvikum sem síðurnar eru einstæðingar sem augljóslega eru hluti af lengri texta sem hefur glatast. Greiningin miðar fyrst og fremst að því að auðvelda áhugasömum leit í safninu.

Greining textans tók mið af nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi þurfti að aldursgreina hann eftir því sem kom fram í textanum. Í öðru lagi að reyna að finna út hvaða síður áttu saman, til dæmis hvort para mæti saman einstæðinga og svo framvegis. Í þriðja lagi að greina innihaldið svo setja mætti leiðarlýsingu við hvert skjal í safninu.

Fljótlega kom í ljós að mikið af textunum fjölluðu um atburði sem gerðust í lífi Sölva í á árunum 1853 – 54 þegar hann var handtekinn á Norðausturlandi. Engar vísbendingar eru um að nokkurt af þeim skjölum sem finnast í safninu hafi verið ritað eftir þann tíma. Fjallað er nokkuð nákvæmlega um ýmsa atburði er tengjast réttarhöldunum en lítið um hvað gerðist eftir þau en á stöku stað má þó merkja að dómur sé genginn en Sölvi virðist þó ekki fjalla ítarlega um þungan dóminn. Það er því líklegt að sú saga sem fylgir skjölunum standist í meginatriðum. Eins og áður var vikið að taldi Kristmundur Bjarnason,

fyrirum héraðsskjalavörður Skagfirðinga, líklegt að handritin hafi verið frá árunum 1850 – 51 og að Eggert Briem hafi gert þau upptæk í kringum réttarhöldin yfir Sölva í Eyjafirði um það leyti. Nú þegar handritin hafa verið skoðuð kemur í ljós að tilgáta Kristmundar er líkleg að flestu leyti. Honum skeikar aðeins um ártalið en Eggert hefur líklega gert eigin Sölva upptækar eftir réttarhöldin. Líklegt verður að teljast að megnið af þessum skjölum hafi verið rituð um það leyti sem Sölvi sat í varðhaldi í tengslum við dómsmálið og fátt sem bendir til þess að þau séu rituð á löngu tímabili. Líklegt verður að teljast að handrit Sölva hafi eining verið gerð upptæk eftir dóminn árið 1851 en fram kemur í dómsskjöllum að eigin hans hafi verið boðnar upp fyrir málskostnaði (Jón Óskar, 1984, bls. 87). Því má draga þá ályktun að skjölin séu afrakstur í mesta lagi þriggja ára.

3.3.a. Frásagnir Sölva:

Þessi flokkur er nokkuð umfangs mikill en í honum eru alls hundrað og tíu ljósmyndir af handritum sem geyma mikið af heimildum um Sölva og tímabili sem reyndist afdrifaríkt í hans lífi. Í þessum flokki eru ýmis konar frásagnir af lífi Sölva og atburðir í kringum réttarhöldin 1853 -54 eru mjög áberandi. Þarna eru á ferðinni einkar áhugaverð gögn sem varpa ljósi á hugarfar Sölva gagnvart yfirvaldinu og afstöðu hans til glæpa sinna. Skemmst er frá því að segja að hvergi jatar Sölvi að hafa gert nokkuð saknæmt en sakar ýmsa menn um að ljúga upp á sig. Fyrirferðarmestur er eflaust Sigfús Skúlason (oftast kallaður Schulesen) en hann handtók Sölva en varð síðar aðili málsins þegar hann ákærði Sölva fyrir bókarþjófnað og þar með vanhæfur sem dómari í málinu. Sá sem tók við af honum og dæmdi í málinu, Eggert Briem, kemur einnig nokkuð við sögu sem og ýmsir hreppstjórar og bændur sem þurftu að hýsa Sölva á meðan hann var í haldi, auk vinnumanna og annarra heimilisfastra sem þurftu að hafa einhver afskipti af Sölva. Ljóst er að Sölvi taldi yfirvöld í landinu gjörspillt og myndin sem hann dregur upp af sjálfum sér ber glögg einkenni píslarvottsins. Hann er píndur og honum þrælað út þrátt fyrir sakleysi sitt en styrk í öllum þessum raunum sækir hann til Guðs. Sölvi telur þjóðina alla vera undir ánauð höfðingjastéttarinnar og er hann tilbúinn að fórna sér fyrir hagsmuni heildarinnar. Með öðrum orðum hann er á vegferð gegn yfirvöldum ef tekið er mark á þeim textum sem hér eru til grundvallar sem rennir stoðum undir þær kenningar að Sölvi hafi ekki aðeins verið tækifærissinnaður glæpamaður, heldur uppreisnarmaður. Þó skal gjalda varhug við því að nálgast þessa texta sem sagnfræðilega heimild því þeir hafa margir hverjir einkenni sem benda til að þeim sé ætlað að vera skáldskapur.

3.3.b. Sögur og ljóð:

Í þessum flokki eru sögur og ljóð sem ýmist eru eftir Sölva sjálfan eða uppskrift á verkum annara. Þýdda riddarasagan af Flóres og Bankiflúr er dæmi um slíka uppskrift en upprunalegu sögunni er fylgt nokkuð nákvæmlega af Sölva. Önnur saga er nokkur ráðgáta en þar er á ferðinni ævintýri þar sem systkinin Júlíen og Fleurie eru í aðalhlutverki en þau eru börn af aðalsættum í Frakklandi á fyrri hluta níttjándu

aldar. Ekki hefur tekist að hafa upp á sögu sem gæti verið fyrirmynd þessarar þó líklegt verði að teljast að hún sé til staðar. Hvað sem því líður ber ritverkið mörg einkenni frá Sölva og ljóst að hann hefur ekki fylgt neinni fyrirmynd eftir á nákvæmi eins og í riddarasögunni þó líklegt sé að hann hafi haft eitthvert þekkt ævintýri í huga við skriftirnar. Í því tilliti er fyrst og fremst horft til þessa að ólíklegt verður að teljast að íslenskur höfundur á Íslandi sem aldrei hefur komið út fyrir landsteinanna velji sér sögu svið í fjarlægum landi og persónur með erlendum nöfnum.

Í safninu leynast þó ýmis verk sem greinilega eru hugverk Sölva og meðal þeirra eru einkar athyglisverðar frásagnir af djöflinum, ferðum hans um Ísland og samskiptum hans við sína fylgjendur, íslensku höfðingjana. Þar eru nefndir til sögunnar ýmsir menn og mikið af þeim sömu og í frásögnunum og eins og áður hefur verið nefnt er ekki ólíklegt að margt af því sem er flokkað í frásögnunum hafi líka átt að vera einhvers konar skáldverk. Í þessum verkum fer djöfullinn um landið og safnar oft en ekki fylgismönnum sínum saman, stundum tínir hann þá upp á sleða og eru lýsingarnar vægast sagt gróteskar og bera ansi fjörugu ímyndunarafli vitni. Þetta sagnaminni um djöfulinn er ekki óþekkt í verkum Sölva og má sjá svipaða frásögn í sumum af myndverkunum.



Mynd 3 Hér má sjá teikningu af djöflinum með nokkrum af sínum fylgismönnum

3.3.c. Trúmál, speki, fræði og vísindi:

Í þessum flokki ægir saman ýmis konar speki og fræðum en flokkurinn er sá viðamesti en alls eru hundrað og sjötíu myndir í safninu. Trúmál og siðfræði eru fyrirferðarmikil. Auk þess eru textar sem er greinilega ætlað að vera kennsluefni og ekki ólíklegt að þeir eigi sér fyrirmyndir. Þar má telja útlistun á reikningsaðferðum eins og samlagningu og margföldun, auk leiðbeininga í stafsetningu. Í flokknum má einnig finna kostulega útreikninga á stærð Katlamálsskjólu sem var mælieining af óþekktri stærð sem kemur við sögu í Jónsbók.

Stærsta einstaka handritið og eitt það allra áhugaverðasta er handrit að bók Sölva um kristilega siðfræði. Efni handritsins hefur ekki verið greint nákvæmlega en ljóst er að það er heilt og inniheldur útlekkingar að því er virðist Sölva á málefnum. Hann hefur ritninguna sér til fulltingis og ýmsar kenningar heimspekinga, svo sem Hegels og Fichte. Umfjöllunin hefur yfir sér fræðilegri blæ en margt annað í safninu, þó stingur upp kollinum persónuleg nálgun á stöku stað. Handrit þetta er einkar spennandi til áframhaldandi rannsókna og verður fróðlegt að vita hversu heilsteypt þessi fræði Sölva eru og hvernig samanburðurinn er við önnur verk frá svipuðum tíma. Til dæmis eru til útgefnir fyrirlestrar um sama efni eftir Helga Hálfðánarsonar (1895) en hann var samtímamaður Sölva verkið var þó ekki útgefið fyrr en árið sem Sölvi lést.

3.3.d. Illa farin handritabrot:

Í þessum flokki eru alls fimmtán myndir af handritum sem eru illa farin. Ýmist rifin og tætt eða og orðið fyrir rakaskemmdum og því hefur þeim ekki verið gerð nein sérstök skil en eru látin fylgja með svo að öll skjölin séu örugglega vistuð á netinu.

Hér hefur verið farið yfir helstu atriði í þeirri vinnu sem farið hefur fram í sumar á handritum Sölva Helgasonar. Sú vinna ætti skila því að allir þeir sem vilja kynna sér handritin frekar eigi auðvelt með að rata um safnið. Jafnframt ætti greiningin að vera lesendum til stuðning þegar þeir reyna að ráða í skrift Sölva þar sem hún segir upp og ofan af innihaldi handritanna. Ljóst má vera af umfjöllun þeirri sem hér hefur farið fram að handritin eru fyrir margra hluta sakir merkileg og ættu að verða gott innlegg í áframhaldandi rannsóknir á ævi og starfi Sölva Helgasonar. Í næsta kafla verður farið nánar í það hvernig hægt er að gera handritin aðgengilegri almenningi með stafrænni miðlun.

4. Stafræn miðlun

Stjórnvöld hafa um nokkurt skeið haft það sem stefnu sínu að auka aðgengi að menningararfinum á netinu. Í upplýsingastefnu ríkisins fyrir árin 2004-2008 má m.a. finna eftirfarandi áherslur (Forsætisráðuneytið, 2004, bls. 20-21):

- Unnið verði að uppbyggingu samræmdra gagnagrunna á ólíkum fagsviðum vísinda og fræða og þeir gerðir aðgengilegir almenningi og fræðimönnum á Netinu.
- Gert verði átak í stafrænni endurgerð íslensks menningarefnis þar sem horft verður til þarfa menntakerfisins.
- Mótuð verði stefna um varðveislu stafræns efnis.
- Unnið verði að tölvuvæddri skráningu menningarefnis í samræmi við alþjóðlega staðla.
- Gagnagrunnar menningarstofnana verði samræmdir og þeir gerðir aðgengilegir.

Árið 2007 kom út skýrsla á vegum Menntamálaráðuneytis þar sem staðan á langtímavarðveislu stafræns efnis í skjala- og bókasöfnum á Íslandi var tekin og skoðað hvað aðrar þjóðir voru að gera í sama málaflokki. (Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir, 2007). Í stefnu ríkisstjórnar um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2008-2012 er eitt af markmiðunum að aðgengi að upplýsingaþjónustu sé á einum stað fyrir bóka-, minja-, lista- og skjalasöfn (Forsætisráðuneytið, 2008, bls. 9). Þetta markmið hefur að sumu leyti gengið eftir. Í dag er hægt að leita í eftirtöldum gagnasöfnum í leitir.is (Leitir.is, e.d.).

Gegnir – samskrá íslenskra bókasafna með tengingum í timarit.is og bækur.is

Sarpur.is – menningarsögulegt gagnasafn á vegum Rekstrarfélags Sarps

Landsaðgangur hvar.is og áskriftir háskóla – erlendar rafrænar fræðigreinar og bækur

Séráskriftir háskólanna:

Skemman – lokaverkefni og fræðirit íslenskra háskóla

Hirsla – vísinda- og fræðsluefnissafn Landspítalans

[Ljósmyndasafn Akraness](http://Ljosmyndasafn Akraness)

[Myndavefur Ljósmyndasafns Reykjavíkur](http://Myndavefur Ljosmyndasafns Reykjavíkur)

Rafbækur Norræna hússins

Bækur.is - Á Bækur.is er hægt að skoða stafrænar endurgerðir gamalla íslenskra bóka. Er vefurinn rekinn af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

[Afrika \(The Nordic Africa institute\)](http://Afrika (The Nordic Africa institute)) - Norræna Afríkustofnunin er þekkingarmiðstöð með áherslu á Afríku. Stofnunin er samvinnuverkefni ríkisstjórna Finnlands, Íslands og Svíþjóðar.

Rafbókasafnið - Rafbókasafnið er samstarf nokkurra almenningsbókasafna í Gegni um útlán raf- og hljóðbóka

[Opin vísindi](#) - Vefurinn fyrir ritrýndar greinar og doktorsritgerðir sem birtar eru í opnum aðgangi frá öllum háskólum Íslands.

[Skemman.is](#) - Skemman er rafrænt varðveislusafn Háskólanna á Íslandi.

[Tímarit.is](#) - Tímarit.is er stafrænt safn sem veitir aðgang að mynduðum blaðsíðum á stafrænu formi af þeim prentaða menningararfi sem varðveittur er í blöðum og tímaritum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi.

Eins og sjá má er **ekkert** skjalasafn í þessari upptalningu.

Árið 2013 var Menningarstefna ríkisins samþykkt á Alþingi. Hluti stefnunnar fjallaði um „stafræna menningu“. Í stefnunni segir m.a. að gott „... aðgengi að íslenskri menningu og upplýsingum um hana í stafrænum miðlum er afar mikilvægt fyrir öflugt menningarlíf í samfélaginu. Til að opna enn frekari aðgang almennings að þeim fjársjóðum sem felast í listum og menningararfi okkar þarf að auka framboð á nýju stafrænu efni og færa gamalt efni í stafrænt horf“. Sex markmið eru sett fram til ná þessu fram (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 24-25):

1. Menningararfur þjóðarinnar verði gerður aðgengilegur á sem flestum sviðum á stafrænu formi. Í þessu efni þurfa menningarstofnanir sem vinna með stafrænt efni að starfa saman, forgangsraða og gera áætlanir.
2. Framboð á íslenskri menningu í stafrænu formi verði vandað og sýnilegt.
3. Menningarstofnanir standi faglega að kynningu á starfi sínu á vefnum bæði á íslensku og erlendum tungumálum.
4. Stuðlað verði að virkri þátttöku og sköpun landsmanna í gegnum netið. Miðlalæsi í skólakerfinu er mikilvægur grunnur að slíkri þátttöku enda er áhersla lögð á upplýsingaog miðlalæsi í nýjum námskrám skólastiganna.
5. Leitað verði lausna á höfunda- og hugverkaréttindamálum á netinu og unnið með samtökum listamanna og stjórnvöldum í nágrannalöndunum á því sviði.
6. Menningarstofnanir efli miðlun á listum og menningararfi með stafrænum hætti og stuðli að góðu samstarfi við hagsmunaaðila á þessu sviði.

Árið 2014 fól alþingi mennta- og menningarmálaráðherra að setja fram stefnu um varðveislu íslenskrar menningararfleiðar á stafrænu formi og leggja drög að því að verkefnið yrði unnið næstu 10 til 20 árin (Þingskjal 118, 2011-2012).

Ráðuneytið hóf þessa vinnu með því að kanna stöðu stafrænnar endurgerðar íslenskrar menningararfleiðar hjá söfnum og menningarstofnunum landsins. Niðurstöður þeirrar könnunar má

finna í skýrslu sem kom út 2017 en þar kom m.a. fram að stafræn "... varðveisla og endurgerð er vandasöm og dýr í framkvæmd og því er mikilvægt að stuðla að samræmingu og samvinnu til að ná sem bestum árangri". Víðar er varðveislu stafrænna endurgerða ábótavant og er sérstaklega tiltekið að skjalasöfn eigi í vanda með langtímavarðveislu stafrænna skráa. Skráning gripa eða gagna er nauðsynlegur grundvöllur og undanfari stafrænnar endurgerðar en smærri söfn séu oft í vanda með að sinna þeim mikilvæga þætti. Þá er einnig tilgreint í skýrslunni að söfn séu sífellt að leggja "aukna áherslu á birtingu safnefnis og þátttöku almennings í starfi sínu, og framboð efnis á stafrænu formi er ein helsta leiðin til árangurs á þeim sviðum" (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2017, bls. 5-6).

Samkvæmt skýrslunni eru mörg skjalasöfnin að nota File Maker til að halda utan um skráningu skjala. File Maker er ekki sérhannaður til að halda utan um skjalasöfn og miðla slíkum gögnum á netið með stöðluðum hætti. Sérsmíða þarf slíkar lausnir í File Maker. Hætt er við að vandi safnanna liggi að hluta til í skorti á fjármagni til að annað hvort setja upp skráningarkerfi sem hentar nútíma kröfum um skráningu og miðlun skjalasafna eða láta þróa og hanna sérlausnir í File Maker til sinna þessu hlutverki.

Þeim skjalasöfnum sem notast við File Maker í sinni skráningarvinna fer þó fækkandi. Í dag hafa til dæmis skjalasöfnin á Norðurlandi vestra sameinast um að nota skráningarkerfið Atom access to memory. Borgarskjalasafnið er að taka upp skráningarkerfi frá Sviss og Þjóðskjalasafnið notast við sitt eigið kerfi. Til að samræma skráningu og miðlun gagna væri best ef annað hvort allir aðilar myndu sameinast um notkun á einu kerfi eða samræming og stöðlun gagna frá tryggð svo hægt væri að miðla gögnum frá öllum söfnum í gegnum eina vefþjónustu eða safnagátt líkt að leitir.is gerir.

Síðan þessi skýrsla kom út hefur lítið borið á umræðu um átaksverkefni um stafræna endurgerð menningararfsins eða frekari stefnu stjórnvalda á þessu sviði. Það má heldur ekki gleymast í umræðunni að grundvöllur fyrir stafrænni endurgerð menningararfsins og samræmd miðlun hans er og verður alltaf vönduð rannsóknarvinna og skráning lýsigagna.


Ákveðið var að fara yfir þá stafrænu miðla sem Héraðsskjalasafn Skagfirðinga er að nýta sér í dag sem og skoða fleiri möguleika. Ekki er verið að beita sérfræðilegum aðferðum við greininguna, fremur að treysta á að glöggst sé gests augað.

4.a Miðlun stafrænna afrita og lýsigagna


Markhópur: Fræðimenn og nemendur

Grunnvinna safna hlýtur alltaf að vera að skrá safnkost sinn. Ef skjalasafn er ekki skráð er heldur ekki hægt að miðla upplýsingum um safnið, leita í því né miðla stafrænum afritum af tilteknu gagni eða skjali. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur um nokkurra ára skeið notað skráningarkerfið Atom, bæði

til að skrá skjalaskrár safnsins og miðla stafrænum afritum eða stafrænni endurgerð handrita og ljósmynda sem safnið geymir. Atom er open source kerfi sem sem fjölmargar stofnanir um heim allann notast við í sinni starfssemi. Héraðsskjalasafni skráir eftir ISAD-G skráningarstöðlum í kerfið. Kerfið býður upp á OAI-pmh sem þýðir að hægt væri að veita beint upplýsingar úr kerfinu inn í vefgátt eða safnagátt á borð við leitir.is og europeana.eu í gegnum lýsigagnastaðlana Dublin Core XML eða EAD 2002 XML (Atom access to memory, e.d.).



Stafræn endurgerð af handritum Sölva Helgasonar eru nú aðgengileg í gegnum skráningarsíðu héraðsskjalasafnsins (atom.skagafjordur.is) ásamt skráningu og lýsingu handritanna (Skráningarsíða Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, e.d.). Skráningarvefurinn uppfyllir flest þau atriði sem nefnd voru í markmiðum stjórnvalda. Hér er um stöðluð lýsigögn að ræða sem byggja á alþjóðlegum stöðlum og möguleiki að veita í lýsigögnunum í vefgáttir. Notendur geta svo skoðað hvert og eitt handrit.



Atom er hannað fyrir skjalasöfn og sniðið að þörfum þess. Mögulega er viðmótið full flókið fyrir hinn almenna notanda. Notandinn þarf að hafa vissa innsýn í það hvernig skjalasöfn eru flokkuð og skráð til að geta leitað í safninu svo gott sé. Mögulega kæmi betur út fyrir notandann að leita í kerfinu í gegnum einfaldara viðmót eins og leitir.is. Kerfið hefur alla möguleika til að streyma upplýsingum í gegnum þá vefgátt/safnagátt án mikillar fyrirhafnar.

Þá mættu starfsmenn safnsins einnig búa til kennslumyndbönd eða annað kennslufni fyrir notendur um hvernig hægt er að nota kerfið til að finna og panta afrit af gögnum safnsins.

4.b Hlaðvarp og skjávarp

Markhópur: Almennir

Erlendis hafa söfn og þá einnig skjalasöfn í auknum mæli boðið upp á hlaðvörp bæði til að kynna starfsemina en einnig til að fræða fólk um tiltekið skjal eða grip sem sett er í fræðilegt og sögulegt samhengi. Hlaðvörp geta verið gagnleg fyrir söfn bæði sem tæki til að sinna fræðsluhlutverki sínu og ná til stærri hóps almennings (Charr, Manuel, 2019).

Breska þjóðskjalasafnið býður til dæmis upp á nokkra flokka hlaðvarps. Þar má finna þætti um ástina, ósagðar sögur úr stríðinu og frásagnir flóttamanna (National Archives, e.d.). Hérlandis hafa engin skjalasöfn unnið slíka þætti. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur um nokkurt skeið undirbúið gerð slíkra þátta. Ákveðið var að fyrstu þættirnir yrðu unnir í tengslum við nýsköpunarverkefnið og nýsköpunarnemi kæmi með framlag í þættina sem byggði á vinnu sumarsins. Niðurstaðan var sú að gera þáttaröð um flakkara og förufólk.


Fyrsti þátturinn, sem fjallar almennt um flakkara og stöðu þeirra í þjóðfélaginu, byggir að stærstum hluta á viðtali við Jón Jónsson. Er Jón einn af umsjónarmönnum nýsköpunarverkefnisins og jafnframt er höfundur nýlegrar bókar um þennan málaflokk, *Á mörkum mennskunnar*.

Í kjölfarið koma 2-3 þættir helgaðir Sölva, hver þeirra um 30-40 mínútur að lengd. Mikið er til af heimildum um Sölva, bæði útgefnum og í handritum. Var lögð mikil vinna í að safna þeim saman og draga saman í heildstætt handrit, sem skrifað var af Kristínu S. Einarsdóttur skjalaverði en hún hefur umtalsverða reynslu sem starfsmaður fjölmiðla. Í handritinu er rakin æviferill Sölva, fjallað um myndverk hans og skrif. Einnig ýmislegt sem ort hefur verið og skrifað um Sölva. Vitnað er í fjölda birtra og óbirta skrifa.

Þegar þetta er ritað eru upptökur á þáttunum langt á veg komnar. Auk Kristínar taka aðrir starfsmenn safnsins og starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar þátt í upplestrinum auk þess sem Stefán Ágústsson kemur með innlegg um vinnu og greiningu sumarsins. Klippivinna er í höndum handritshöfundar.

En nær það efni sem sett er á netið til allra notenda? Árið 2002 sýna tölur að einungis 31% þeirra Íslendinga sem voru í aldurshópnum 65-74 ára tengdust netinu. Það virðist þó ástæðulaust að hafa áhyggjur af því að eldri aldurshópar noti ekki efni sem er til staðar á netinu því árið 2019 höfðu rúmlega 95% sama hóps að tengst netinu á síðustu þremur mánuðum (Hagstofa Íslands, e.d.).

Tölvu- og netnotkun Íslendinga 2002-2019



Jafnt sem áður er rétt að bjóða upp á fjölbreytta miðlun á menningararfinum bæði í gegnum netið og með hefðbundnari hætti enda segir þessar tölur fátt um hvað einstaklingarnir eru að gera á netinu eða hversu aðgengilegt þeim finnst efnið vera. Þar sem starfsmenn höfðu þegar viðað að sér upplýsingum um Sölva Helgason og handritin hans þótti tilhlýðilegt að setja upp skjávarpspátt um þetta viðfangsefni. Í því felst að búa til glæru kynningu sem er látin keyra á skjá á göngum Safnahússins og er þá öllum gestum hússins aðgengilegt. Efnið er unnið að starfsmanni safnsins, Ragnheiði Halldórsdóttur, og er byggt á handriti hlaðvarps, vinnu nýsköpunarnema og grein sem rituð var í Skagfirðingabók 2020. Með þessu er verið að vekja athygli á afmæli Sölva Helgasonar og þeirri vinnu sem er verið að vinna á safninu og í tengslum við það.



Höfðaströnd, Unadalur og Deildardalur.

Uppdrættir

- Á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga eru varðveittir tveir uppdrættir eftir Sölva:
 - Kort af fremstu tá Hegraness og Lundey.
 - Teikning af Höfðaströnd, Unadal og Deildardal þar sem nöfn bæjanna eru merkt inná.

4.c Samfélagsmiðlar


Markhópur: Almennigur

Héraðsskjalasafnið heldur út **fésbókarsíðu**: <https://www.facebook.com/heradsskjalasafn.skagfirdinga>. Síðan hefur um 1350 áhangendur. Til samanburðar er Þjóðskjalasafn Íslands með um 3240 áhangendur og Borgarskjalasafn um 3071 áhangendur. Þetta verður að teljast ágætur árangur miðað við að í Skagafirði búa um 4240 íbúar.



Starfsmenn safnsins hafa verið ágætlega duglegir við að setja inn færslur á fésbókarsíðuna. Vinsælustu færslurnar eru án vafa færslur þar sem starfsmenn eiga í samtali við notendur, t.d. ef safnið biðlar til almennings um að veita upplýsingar um ljósmyndir. Því yngri sem myndirnar eru því meiri eru viðbrögðin. Einnig er ljóst að fróðleiksmolar um sögur úr héraði og áhugaverð gögn vekja mun meiri lukku en fréttir um nýjar reglur Þjóðskjalasafns.

Héraðsskjalasafnið hefur nýverið stofnað **Instagram-** síðu fyrir safnið (<https://www.instagram.com/heradsskjalasafnskagfirdinga/>) en lítil reynsla er komin á notkun þess og fylgjendur safnsins því fáir. Héraðsskjalasafnið hefur ekki nýtt sér twitter eða aðra samfélagsmiðla en þá sem þegar eru nefndir.



Það vantar töluvert uppá að samfélagsmiðlarnir séu að vinna með öðrum netmiðlum safnsins. Margar færslur á fésbókarsíðunni eru einungis að finna þar en ekki t.d. á heimasíðunni eða á Instagram.

4.d Heimasíða

Markhópur: Almennigur, fræðimenn, nemendur

Heimasíða héraðsskjalasafnsins er komin til ára sinna og vantar töluvert uppá að starfsmenn hafi viðhaldið eða uppfært þar upplýsingar. Til dæmis er fyrsta frétt á forsíðunni „Safnahúsið lokar 24.

mars“ og er frá 23.03.2020. Lítið hefur verið gert þar til að koma til móts við auknar þarfir notenda fyrir efnisveitu á netinu.




Skráningarkerfi safnsins er utan heimasíðunnar. Eins og fyrr segir þá er það kerfi sniðið að þörfum skjalasafna og mögulega er viðmótið óþjálmt fyrir almenning. Safnið hefur tækifæri til að gera skjalaskrárnar mun aðgengilegri með því að tengja skrárnar við aðgengilegar lýsingar á heimasíðu. Heimasíðan ætti að vera hugsuð sem miðja miðlunar upplýsinga. Notendur eiga að geta farið á heimasíðuna og verið viss um að finna þar allar meginupplýsingar og góðar tengingar í frekari upplýsingar.

5. Þátttaka almennings

„Nú má segja að söfn séu ekki lengur að vinna fyrir samfélagið heldur með samfélaginu. Með komu þátttökuvefsins auðveldar tæknin tafarlaus samskipti, óháð staðsetningu“ (Telma Haraldsdóttir, 2018, bls. 10). Það hefur sýnt sig, t.d. með samtali héraðsskjalasafnsins við almenning í gegnum fésbókarsíðu sína, að fólk vill taka þátt og vill leggja sitt af mörkum. Spurning hvort ekki mætti virkja þennan þátt betur? Bæði væri safnið að þjóna almenningi með að koma með viðfangsefni tengt þeirra áhugasviði og þátttakendur verkefnisins að leggja sitt af mörkum til safnsins og þar með til samfélagsins.

Víða um heim hafa söfn nýtt sér starfskrafta sjálfboðaliða. Með tilkomu internetsins hefur opnast nýr vinkill á starf sjálfboðaliðans (Guðmunda Ólafsdóttir, 2016, bls. 13-14). Söfn erlendis hafa verið að nýta sér svokölluð crowdsourcing verkefni. Oft á tíðum felast verkefnin í því að sjálfboðaliðar skrifa upp texta ljósmyndaðra handrita eða bæta við upplýsingum um menn og staði á ljósmyndum.



Hér er dæmi um slíkt verkefni hjá Archives Wales (Heimild <http://chartist.cynefin.wales/>)

Vafalítið kalla verkefni sem þessi á töluverða vinnu frá hendi starfsmanna safnsins. Fara þarf yfir allar upplýsingarnar og það verður að vera ljóst hvaðan upplýsingarnar koma. En með þessu móti fengi safnið viðbótargögn, stafrænu afritin væru gerð leitarbær og almenningur gefinn kostur á að taka þátt í starfi safnsins.

Héraðsskjalasafnið hefur undanfarin ár fengið styrk í gegnum Þjóðskjalasafn Íslands til að gera stafræn afrit af völdum skjölum safnsins. Þessi stafrænu afrit má nálgast í gegnum atom.skagafjordur.is en um er að ræða ljósmyndir sem ekki eru leitarbærar. Crowdsourcing-verkefni myndi geta bætt þeim eiginleika við hin stafrænu handrit og aukið þannig gildi þeirra til rannsókna.

6. Samtvinnun miðla

Héraðsskjalasafnið er ágætlega duglegt við að nýta sér ýmsa starfræna miðla. Fyrst og fremst skortir á að miðlarnir tali saman og horft sé á alla miðlunarleiðir sem eina heild. Hér er lagt til að hryggjarstykkið í stafrænni miðlun safnsins sé heimasíðan og þaðan liggi þræðirnir í aðra miðlunarmöguleika. Ef safnið

fer út í það að setja upp crowdsourcing-verkefni þar sem stafræn afrit skjala og ljósmynda fá aukið gildi með þátttöku almennings yrði fyrsti viðkomustaðurinn alltaf heimasíðan.



Tilvalið er að nota verkefnið um Sölva Helgasonar sem tilraun til miðla upplýsingum um verkefnið og Sölva Helgason á heildstæðan máta sérstaklega þar sem safnið er um þessar mundir að vinna að nýrri heimasíðu. Lagt er til að þegar ný heimasíða verður opnuð verður farið í að miðla efni í gegnum alla eða flesta miðlunarleiðir sem héraðsskjalasafnið hefur yfir að ráða. Hér er lagt upp með að miðlunin fari fram 5. til 9. október 2020.

Miðlunarátak	
5. okt. 2020	• Settar fram “kitlur” samtímis á facebook og instagram. Gæti verið spakmæli úr munni Sölva eða hluti af myndskreytingu hans.
6. okt. 2020	• Sett fram frétt á heimasíðu um afmælisár Sölva Helgasonar. Nýsköpunarverkefnið kynnt. • Frétt af heimasíðu deilt á facebook • Ljósmynd af hópnum sem stóða að nýsköpunarverkefninu sett fram á instagram sem einnig er deilt á facebook.
7. okt. 2020	• Opnað fyrir aðgang almennings að skráningunni í atom.skagafjordur.is. • Athygli vakin á opnuninni á heimasíðu, facebook og instagram.
8. okt. 2020	• Skjávarpið um Sölva Helgason opnað í Safnahúsi. • Athygli vakin á skjávarpinu á heimasíðu (frétt), facebook og instagram.
9. okt. 2020	• Hlaðvarpsþættir um förumenn og flökkufólk sett á heimasíðu. • Frétt sett um hlaðvarpsþættina á heimasíðu (frétt), facebook og instagram.

Hér er ekki verið að koma með byltingarkenndar nýjungar á sviði stafrænnar miðlunar, frekar verið að benda á þá möguleika sem safnið hefur þegar í hendi eða getur unnið að án mikillar fyrirhafnar eða tilkostnaðar.

7. Niðurstaða

Meginmarkmið nýsköpunarverkefnisins voru annars vegar að rýna, mynda, skrá og flokka handrit Sölva Helgasonar sem legið hafa óskráð á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og hins vegar að koma með tillögur um miðlun á efni um Sölva og handritin.

Stefán Ágústsson íslenskufraeðingur og nemi við Háskóla Íslands hefur í sumar unnið greiningu handritanna. Í byrjun skoðaði Stefán handritin eins og þau komu fyrir og skipaði þeim í flokka eftir því sem innihaldið skýrðist. Rithönd Sölva hefur jafnan vakið athygli fyrir smæð sína en það torveldar mjög lestur handritanna. Þetta vandamál leysir stafræna miðlunin að nokkru leyti þar sem mögulegt er að stækka myndirnar eftir að þeim var hlaðið inn á skráningarsíðu safnsins. Eftir það mátti vinna greiningarvinnuna af meiri nákvæmni og átta sig betur á hverju handriti fyrir sig.

Í upphafi var ekki mjög ljóst hversu merkileg þessi gögn væru þó enginn vafi léki á að um handrit Sölva væri að ræða. Skemmst er frá því að segja að í ljós komu einkar áhugaverðir hlutir. Margt af handritunum tengdist merkilegum viðburð í lífi Sölva. Hann var handtekinn árið 1853 og dæmdur til tukthúsvistar árið eftir. Heimildir liggja fyrir um þessa atburði í dómabókum og einkar athyglisvert er að fá sjónarhorn Sölva til samanburðar, þó skyldi hafa skáldskapargildi textana í huga við þá greiningu og varast að umgangast þá sem sagnfræðilega heimild.

Eins er nokkuð af skáldskap ýmist eftir Sölva sjálfan eða uppskriftir hans af þekktum sögum. Þar á meðal eru frásagnir af djöflinum og samskiptum hans við fylgismenn sína á Íslandi, efni sem gaman er að rýna í. Handritin gefa mjög góða innsýn inn í hugarheim alþýðumanns og sá trúarlegi þráður sem einkennir flest það sem Sölvi skrifar og handritin gefa glögga mynd af heimsmynd hans sem er mjög skýr og dregur mjög dóm af þeim straumum sem einkenndu rómantíska tímabilið.

Í safninu er að finna handrit að bók Sölva um kristilega siðfræði sem virðist vera í heilu lagi og greinilega ekki fyrsta uppkast. Það er sértaklega áhugavert að skoða nánar og setja í samhengi við aðra sem fjölluðu um svipaða hluti á tíð Sölva.

Það má ljóst vera að sú vinna sem hefur verið unnin í sumar við greiningu handritanna hefur skilað sér í efni sem er spennandi fyrir áhugasama að skoða í framhaldinu. Nú þarf að gera þessa vinnu

aðgengilega fyrir almenning og fræðimenn til að auka umfjöllun og rannsóknir á handritum Sölva Helgasonar.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu var ákveðið að horfa á stafrænar lausnir hvað varðar miðlunarpáttinn. Skoðað var hvaða væntingar stjórnvöld gera til héraðsskjalasafna varðandi miðlun á menningararfinum og síðan voru metnir þær miðlunarleiðir sem héraðsskjalasafnið er að nýta sér eða ætti og mun nýta sér í náginni framtíð.

Meginniðurstaðan er sú að héraðsskjalasafnið hefur alla burði til að uppfylla væntingar stjórnvalda til miðlunar á þessum menningararfi. Auk þess hefur safnið bæði mannauð og tæknilausnir til að miðla efni sem það hefur að geyma en það gæti nýtt sér betur þær lausnir sem það hefur í höndunum og láta þær lausnir vinna saman. Ein spennandi nýjung væri vel þess virði að prófa en það er að fá almenning, fræðimenn, nemendur til að taka þátt í því að skrifa upp handritin.

Hvað sem nýjum tæknilausnum líður þá verður grunnvinnan alltaf rannsóknir, flokkun og skráning. Án þessa verður engin miðlun, hvorki stafræn né hefðbundin.

Heimildarskrá

- Aðalsteinn Ingólfsson. (1990). Einfarar í íslenskri myndlist. Reykjavík. Almenna bókafélagið.
- Archives Wales. (e.d.). Chartist. Sótt 22.09.2020 af <http://chartist.cynefin.wales/>.
- Atom access to memory. (e.d.). Documentation. Sótt 09.09.2020 af <https://www.accesstomemory.org/en/docs/2.6/>.
- Björn Þór Jónsson og Margrét Eva Árnadóttir. (2007). Skýrsla um stöðu þekkingar og færni á langtíma-varðveislu stafræns efnis. Menntamálaráðuneyti. Sótt 09.09.2020, <http://hdl.handle.net/10802/4828>
- Charr, Manuel. (24.12.2019). How to Start a Podcast for Your Museum. Sótt 09.09.2020 af <https://www.museumnext.com/article/how-to-start-a-podcast-for-your-museum/> .
- Forsætisráðuneytið. (2004). Auðlindir í allra þágu : stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007. Sótt 09.09.2020 af <http://hdl.handle.net/10802/4040>.
- Forsætisráðuneytið. (2008). Netríkið Ísland: Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Forsætisráðuneytið. Sótt 09.09.2020 af <http://hdl.handle.net/10802/4324>.
- Guðmunda Ólafsdóttir. (2016). Hver er þetta? Crowdsourcing á íslenskum ljósmyndasöfnum (Loka-verkefni til MA-gráðu í safnafræði við Háskóla Íslands). Sótt 09.09.2020 af https://skemman.is/bitstream/1946/23990/1/Ritger%c3%b0_MA.pdf
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Tölvu- og netnotkun Íslendinga 2002-2019. Sótt 09.09.2020 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__visinditaekni__Upplýsingat_aekninotkuneinstaklinga__ict_lykiltolur/SAM07102.px .
- Helgi Hálfðánarson. (1895). Kristileg siðferði: Eptir Lúterskri kenning. Reykjavík. Ísafold.
- Hjalti Pálsson og Egill Bjarnason. (2007). Byggðasaga Skagafjarðar IV. Bindi. Akrahreppur. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
- Hjalti Pálsson. (2020). Sólon Íslandus – 200 ára minning, Skagfirðingabók 40. Bls. 150-174.
- Hæstaréttardómar. (1849. 1. janúar). Ný félagsrit. Bls. 131-155. Sótt 18.09.2020 af: <https://timarit.is/page/2016608#page/n0/mode/2up>
- Jóhann Sölvason. (1861. 4. maí). Án titils (aðsent). Norðri. Bls. 47-48.
- Jón Óskar. (1984). Sölvi Helgason: Listamaður á hrakningi. Reykjavík. Ísafold.
- Jóns Jónsson. (2016). Á mörkum mennskunnar: viðhorf til fúrufélks í sögnum og samfélagi. Reykjavík. Háskólaútgáfan.
- Leitir.is. (e.d.). Um vefinn. Sótt 09.09.2020 af https://leitir.is/primo-explore/help/about_site_LB.html.
- Magnús Eiríksson. (1977). Sölvi Helgason. Í gegnum tíðina. Reykjavík Fálkinn.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2017). Varðveisla menningararfleiðar á stafrænu formi. Staða hjá söfnum og menningarstofnunum landsins. Reykjavík. Sótt 09.09.2020 af <http://hdl.handle.net/10802/14225>.

National Archives (ed). Podcasts. Sótt 09.09.2020 af <https://media.nationalarchives.gov.uk/index.php/category/podcasts-2/>

Skráningarsíða Héraðsskjalasafns Skagfirðinga (e.d.). Sótt 09.09.2020 af <http://atom.skagafjordur.is/> .

Sölvi Helgason. (1985). Frakklandssaga: eftir Sölva Helgason (Jón Óskar bjó til prentunar). Reykjavík. Ólafur Jónsson.

Telma Haraldsdóttir. (2018). Safnkostur Listasafna: Stafræn miðlun (Lokaverkefni til MIS-gráðu í upplýsingafræði við Háskóla Íslands). Sótt 09.09.2020 af <http://hdl.handle.net/1946/30086>

Þingskjal nr. 118. (2011-2012). Tillaga til þingsályktunar um varðveislu íslenskrar menningararfleiðar á stafrænu formi. Sótt 09.09.2020 af: <https://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/0118.pdf>.

HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
2020